

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla.

Fulltrúaráðsfundur 15. apríl 2008, kl 20:00-21:00 í Hofsstaðaskóla.

Mættir úr foreldrafélagi: Kristbjörg Ágústsdóttir, Stella Stefánsdóttir (5-HK), Guðrún Willardsdóttir og Svava Garðarsdóttir.

Mættir Bekkjarfulltúar: Vala Guðný Guðnadóttir 1ÁS, Erla Hrönn Randversdóttir 1ÁS, Anna Bjarnadóttir 1RJ, Sólbjörg Harðardóttir 1RJ, Elísabet María Sigfúsdóttir 1HV, Helga Þórdís Gunnarsdóttir 1HV og 7LK, Ingólfur Einarsson 3RS, Kristín Bjargey Gunnarsdóttir 4BÓ og 7LK, Steinunn Bergmann 4BÓ og 6BV, Dagný Þórgnýsdóttir 5HK, Steinunn Þ. Mariusdóttir 5GP, Katrín Einaradóttir 5ÓHG, Kristbjörg Linda Cooper 6AMH, Þuríður E. Baldursdóttir 6BV, Lovísa Þórðardóttir 7ÓP.

Þetta var tekið fyrir:

Matarmál - mataráskrift:

Það er von og vilji skólustjórnenda í Hofsstaðaskóla að allir nemendur séu í mat í hádeginu. Stefna skólans er að inna fárra ára verði komið fullkomið framleiðslueldhús í skólann þar sem allur matur er eldaður á staðnum. Það er nauðsynlegt að börn fái næringaríkan mat á skólatíma enda hefur sá tími sem börnin eru í skólanum verið að lengjast og oft taka við tómsundur í kjölfar skóladagsins. Segja má að það sé ákveðið forvarnargildi í því að einstaklingur fái vel að borða og hann þannig í góðu jafnvægi til að takast á við verkefni dagsins. Ljóst er að það verða alltaf ákveðnir hópar sem ekki geta verið í mat, s.s. þeir sem hafa óþol eða ofnæmi, grænmetisætur og fleiri þættir geta spilað inn og tekið er tillit til þess. Aftur á móti er það heildinni í hag að hafa alla í mat, alltaf...

Kostnaðurinn er aftur á móti stærsta hindrunin. Ekki er hægt að ætlast til að allir kaupir mat þegar verðið er með því hæðsta sem gerist á landinu. Ágætt væri að skoða hjá bænum hvort enn gildi sömu forsendur fyrir að lækka ekki matarverðið. Eins ætti að kynna matarstefnu og matarverð í vor – því fyrr því betra.

Rútmál – eru allir með á nótnum:

Skólinn greiðir allar ferðir á vorönninni sem búið var að ákveða. Bekkjarsjóðirnir verða væntanlega nokkuð digrir í vor og hvetur foreldrafélagið ykkur til að gera eitthvað skemmtilegt í vor en athuga um leiða að ágætt væri að geyma eitthvað fram á næsta vetur (fyrir utan 7. bekk auðvita) því það verða ekki allar ferðir greiddar þá. Það á eftir að koma betur í ljós hvernig það ferli verður. Helga ritari er sú sem sér um að panta allar rútur og gerður var samningur við Hópbíla í Hafnarfirði um flutning.

Við þetta tækifæri minnir foreldrafélagið þá á sem eiga eftir að greiða foreldrafélagsgjaldið að endilega drífa sig í því. 0318-26-4450 kt. 480699-2469.

Hausthátíð:

Hausthátíðin okkar verður í september og við eigum eftir að fá fólk í nefndina. Ákveða þarf dagsetningu. Eitt af hlutverkum bekkjarfulltrúa er að aðstoða á hátíðinni og því er áriðandi að þeir bekkjarfulltrúar sem ekki halda áfram í haust, finni eftirtaka í vor eða verði tilbúinn að hjálpa í haust.

Önnur mál:

- **Ljósmyndun**, búið er að semja við Krissí ljósmyndara með að taka myndir í vor. Það eru allir árgangar sem fá myndir núna nema 2. bekkur (sem var bætt við í fyrra sem og 7 bekkur). Teknar verða myndir úti, bæði bekkjarmynd og einstaklingsmyndir eru í boð – alls

hljóðar tilboðið uppá 3000 kr. ásamt cd disk og frírri fjölskyldumyndatöku innan mánaðar. Þetta verður auglýst væntalega fljótlega.

- **Tækjasjóður**, kynntur var árangur af söfnun tækjasjóðsins. Bæði foreldrar/forráðamenn og fyrirtæki hafa gefið í söfnunina. Árangur verður kynntur í Garðapóstinum.
- **Umferðarfræðsla**, Hofstaðaskóli verður með umferðarfræðslu þriðjudaginn 19. ágúst kl. 9:00 og er fulltrúum foreldra boðið beð, eins mörgum og vilja. Kennari er frá Grundarskóla á Akranesi sem er móðurskóli í umferðarfræðslu. Áhugasamir geta haft samband við fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins eða við Margréti skólastjóra.
- **Foreldraverðlaun Heimilis og Skóla**, foreldrafélagið og foreldraráð tilnefndu sameiginlega tvö verkefni til foreldraverðlauna Heimilis og skóla. Skólinn var tilnefndur fyrir verkefnið: Samfella milli skólastiga sem er samstarfs- og tilraunaverkefni skólans og leikskólans Hæðabóls. Einnig var Elva Björk námsráðgafi tilnefnd fyrir námstæknifræðslu í 5. bekk.

Annað var ekki tekið fyrir og fundi lauk kl. 21:00

Fundargerð ritaði Kristbjörg Ágústsdóttir